

## Laun á almennum vinnumarkaði 2008

### *Earnings in the private sector 2008*

*Samantekt* Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru að meðaltali 324 þúsund krónur á mánuði árið 2008. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru 355 þúsund krónur á mánuði, regluleg heildarlaun þeirra voru 393 þúsund krónur og heildarlaun 454 þúsund krónur. Greiddar stundir fullvinnandi launamanna voru að meðaltali 44,7 stundir á viku.

Árið 2008 voru regluleg laun fullvinnandi stjórnenda 686 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008 og heildarlaun þeirra voru 902 þúsund krónur. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru lægst meðal verkafólks eða 226 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Heildarlaun voru hins vegar lægst á meðal þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks eða 325 þúsund krónur.

Þegar litið er til atvinnugreina voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Þar voru regluleg laun 472 þúsund krónur að meðaltali og heildarlaun 654 þúsund krónur. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru lægst í iðnaði eða 317 þúsund krónur. Heildarlaun voru hins vegar lægst í atvinnugreininni verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu, 371 þúsund krónur að meðaltali.

Niðurstöður byggjast á launarannsókn Hagstofu Íslands og ná til fyrirtækja á almennum vinnumarkaði sem starfa í iðnaði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu, samgöngum og flutningum og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Niðurstöður byggjast á launum tæplega þrjátíu þúsund launamanna.

## Laun á almennum vinnumarkaði

*Lýsing á launastigi* Laun á almennum vinnumarkaði eru meðallaun í ákveðnum atvinnugreinum, starfsstéttum og störfum og byggjast niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Laun á almennum vinnumarkaði lýsa ekki launaþróun miðað við fasta samsetningu líkt og vísitala launa, heldur launastigi í krónum miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni. Breyting á launum milli tímabila getur því endurspeglað allt í senn, breytingu launa á tímabilinu, breytta samsetningu launa eða vinnutíma og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breytingar á launum á milli tímabila geta einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafnsins þar sem úrtak launarannsóknarinnar er stöðugt að stækka og gæði þess að aukast.


*Regluleg laun* Regluleg laun eru laun fyrir umsaminn vinnutíma á mánuði, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru reiknuð bæði fyrir fullvinnandi launamenn og starfsfólk í hlutastarfi. Laun einstaklinga í hlutastarfi eru umreiknuð í fullt starf.



Regluleg laun voru að meðaltali 324 þúsund krónur árið 2008, 355 þúsund krónur hjá fullvinnandi launamönnum og 236 þúsund krónur hjá fólki í hlutastarfi. Regluleg laun karla voru 352 þúsund krónur að meðaltali, 377 þúsund krónur hjá fullvinnandi körlum og 250 þúsund hjá starfsfólki í hlutastarfi. Regluleg laun kvenna voru 279 þúsund krónur að meðaltali, 310 þúsund hjá fullvinnandi konum og 225 þúsund hjá hlutastarfsfólki. Á mynd 1 má sjá meðaltal og miðgildi reglulegra launa hjá körlum og konum í hlutastarfi og fullvinnandi.

### Mynd 1. Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eftir vinnutíma og kyni 2008

Figure 1. Regular salaries in the private sector by working hours and sex 2008




**Regluleg heildarlaun** Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum greiðslum vegna tilfallandi yfirvinnu og fyrirframgreiddrar uppmælingar. Regluleg heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Eins og sést á mynd 2 voru regluleg heildarlaun 393 þúsund krónur að meðaltali árið 2008, 427 þúsund krónur hjá körlum og 322 þúsund krónur hjá konum. Greiddar stundir voru að meðaltali 44,7 á viku, 46,1 hjá körlum og 41,5 hjá konum. Hærri regluleg heildarlaun karla má meðal annars skýra með því að karlar vinna að meðaltali 4,6 stundum meira á viku en konur. Nokkuð hefur dregið í sundur í greiddum stundum karla og kvenna síðan árið 2002 en þá varð munurinn minnstur eða 2,6 stundir.

**Heildarlaun** Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættum ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili að frátöldum akstursgreiðslum og hlunnindum. Dæmi um slíkar greiðslur eru desemberuppbót, frammistöðubónusar, ákvæðisgreiðslur og eingreiðslur. Greiðslur vegna kaupréttarsamninga eru ekki hluti af heildarlaunum þar sem þær teljast til hlunninda. Heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Heildarlaun voru 454 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008, 498 þúsund krónur hjá körlum og 362 þúsund krónur hjá konum.

**Meðaltal hærra en miðgildi** Eins og sjá má á mynd 2 er miðgildi allra launahugtaka lægra en meðaltal þeirra. Það má meðal annars skýra með því að kjarasamningar tryggja ákveðin lágmarkskjör en þeir kveða ekki á um hámarkskjör. Því eru fleiri útgildi til hækkunar meðaltals en lækkunar.

## Mynd 2. Meðaltal og miðgildi launa fullvinnandi launamanna eftir kyni 2008


Figure 2. Average and median earnings by sex for full-time employees 2008



Á mynd 3 má sjá dreifingu reglulegra launa, reglulegra heildarlauna og heildarlauna hjá fullvinnandi launamönnum árið 2008. Rúmlega 60% launamanna eru með regluleg laun á bilinu 175–375 þúsund krónur á mánuði, 55% þeirra eru með regluleg heildarlaun á sama bili og rétt rúmur helmingur er með heildarlaun á þessu bili.

## Mynd 3. Dreifing launa hjá fullvinnandi launamönnum 2008

Figure 3. Distribution of earnings for full-time employees 2008



## Laun fullvinnandi eftir starfsstétt

Laun hæst hjá stjórnendum og lægst hjá verkafólki

Árið 2008 voru stjórnendur með hæst laun allra starfsstétta. Regluleg laun þeirra voru 686 þúsund krónur að meðaltali á mánuði, regluleg heildarlaun 693 þúsund krónur og heildarlaun 902 þúsund krónur. Laun voru að jafnaði lægst hjá verkafólki, þar sem regluleg laun voru 226 þúsund krónur að meðaltali, regluleg heildarlaun voru 305 þúsund krónur og heildarlaun 339 þúsund krónur. Heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks voru þó lægri eða 325 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Greiddar stundir voru jafnframt flestar hjá verkafólki eða 49,3 stundir að meðaltali á viku.

Yfirvinna mest hjá verkafólki


Á mynd 4 má sjá að munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum var mestur hjá iðnaðarmönnum og verkafólki. Þennan mun má meðal annars skýra með fjölda yfirvinnustunda en greiddar stundir á viku voru að meðaltali 47,5 hjá iðnaðarmönnum og 49,3 hjá verkafólki. Einnig vann hluti iðnaðarmanna í uppmælingu og í sumum tilvikum eru fyrirframgreiðslur vegna þeirra hluti af reglulegum heildarlaunum en ekki reglulegum launum og það skýrir einnig að hluta þennan mun.

Óreglulegar greiðslur hæstar hjá stjórnendum og sérfræðingum

Mestur munur var á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum hjá stjórnendum og sérfræðingum. Þá var munurinn einnig töluverður hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki ásamt iðnaðarmönnum. Munurinn á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum liggur í ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem frammistöðutengdra launa og hlutdeildar í hagnaði fyrirtækja. Ýmis hlunnindi eins og greiðslur vegna kaupréttarsamninga eru ekki inni í heildarlaunum. Vægi yfirvinnu og óreglulegra greiðslna var minnst hjá skrifstofufólki og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki.

#### Mynd 4. Laun eftir starfsstétt 2008

Figure 4. Earnings by occupational group for full-time employees 2008



**Skýringar** Notes: ALLS Total; (1) Stjórnendur Managers; (2) Sérfræðingar Professionals; (3) Tæknar og sérmenntað starfsfólk Technicians and associate professionals; (4) Skrifstofufólk Clerks; (5) Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk Service workers and shop and market sales; (IÐN) Iðnaðarmenn Craft workers; (VERK) Verkafólk General, machine and specialised workers.

Greiddar stundir standa í stað eða dragast saman hjá öllum nema stjórnendum

Launum á almennum vinnumarkaði er ekki ætlað að lýsa breytingum á launum miðað við fasta samsetningu úrtaksins. Þó geta niðurstöður gefið ákveðnar vísbendingar um breytingar á vinnutíma og launum. Á milli ára 2007 og 2008 stóðu greiddar stundir í stað eða drógust saman um allt að þriðjung úr stund hjá öllum stéttum nema hjá stjórnendum þar sem þær jukust um 0,2 stundir á viku.

Á sama tímabili hækkuðu regluleg laun um 3–10%, mest í hópum sérfræðinga og skrifstofufólks en minnst í hópi þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks. Heildarlaun hækkuðu um 2–9%. Mest hækkuðu heildarlaun stjórnenda og sérfræðinga en minnst hækkuðu laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks. Hafa verður í huga að breytingar á samsetningu gagnasafnsins geta haft áhrif á meðallaun ákveðinna stétta.

Regluleg laun stjórnenda

Dreifing reglulegra launa stjórnenda var töluvert meiri en dreifing launa annarra starfsstétta. Skýrist það meðal annars af uppbyggingu starfafflokkunarkerfisins ÍSTARF95 sem starfsstéttir byggjast á en í hópi stjórnenda má bæði finna æðstu stjórnendur stórra fyrirtækja og yfirmenn deilda. Regluleg laun stjórnenda voru


686 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og var miðgildi þeirra 610 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun stjórnenda væru á bilinu 525–575 þúsund krónur og voru rúmlega 9% stjórnenda með laun á því bili eins og sjá má á mynd 5. Þá má sjá tvo aðra toppa í launadreifingu stjórnenda, annars vegar voru 8% stjórnenda með laun á bilinu 275–325 þúsund krónur, en þar veða konur þungt, og hins vegar voru tæp 9% stjórnenda með laun á bilinu 625–675 þúsund krónur og í þeim hópi veða karlarnir þyngra.

Meðaltal reglulegra launa karla í hópi stjórnenda var 744 þúsund krónur og miðgildi þeirra 650 þúsund krónur. Algengasta launabil reglulegra launa í þeim hópi voru á bilinu 625–675 þúsund krónur og voru 10% þeirra með laun á því bili. Þá voru 13% karlkyns stjórnenda með regluleg laun yfir 1.175 þúsund krónum á mánuði. Regluleg laun kvenna í hópi stjórnenda voru að meðaltali 534 þúsund krónur og miðgildi þeirra 483 þúsund krónur. Algengast var að konur væru með laun á bilinu 275–325 þúsund krónur og höfðu 18% kvenna þau laun.

Á mynd 5 má sjá dreifingu á reglulegum launum stjórnenda árið 2008. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

#### Mynd 5. Dreifing á reglulegum launum stjórnenda 2008

Figure 5. Distribution of full-time managers' regular salaries 2008




#### Heildarlaun stjórnenda

Meðaltal heildarlauna hjá stjórnendum árið 2008 var 902 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 659 þúsund krónur. Rúmlega 13% stjórnenda voru með heildarlaun yfir 1.175 þúsund krónum á mánuði að jafnaði yfir árið. Þá voru karlar með 1.010 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 709 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 6 voru 17% karla með laun yfir 1.175 þúsund krónur á mánuði. Hins vegar voru einungis 5% kvenna með laun yfir því marki. Meðaltal heildarlauna kvenna var 629 þúsund krónur og miðgildi 534 þúsund krónur. Rúmlega 12% kvenna voru með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur og algengast var að heildarlaun þeirra væru á því bili. Greiddar stundir stjórnenda voru 39,9 stundir að meðaltali á viku, 40,0 stundir hjá körlum og 39,8 hjá konum. Hafa ber í huga að stjórnendur eru margir með svokallaða fastlaunasamninga en í slíkum samningum felst meðal annars að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

### Mynd 6. Dreifing á heildarlaunum stjórnenda 2008

Figure 6. Distribution of full-time managers' total salaries 2008




#### Regluleg laun sérfræðinga

Regluleg laun sérfræðinga voru 560 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008 og miðgildi 527 þúsund krónur. Sérfræðingar voru næst tekjuhæsti hópurinn árið 2008. Tæplega 60% sérfræðinga voru með regluleg laun á bilinu 375–625 þúsund krónur. Karlar í hópi sérfræðinga voru með 600 þúsund krónur í regluleg laun að meðaltali og miðgildi var 573 þúsund krónur. Um helmingur karla voru með regluleg laun á bilinu 425–625 þúsund krónur en rúmlega 40% kvenna voru með laun undir neðri mörkum þessa bils. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 491 þúsund krónur og miðgildi 451 þúsund krónur.

### Mynd 7. Dreifing á reglulegum launum sérfræðinga 2008

Figure 7. Distribution of full-time professionals' regular salaries 2008




#### Heildarlaun sérfræðinga

Árið 2008 voru heildarlaun sérfræðinga 684 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 596 þúsund krónur. Um 40% sérfræðinga voru með heildarlaun á bilinu 375–625 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 745 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 650 þúsund krónur. Þá voru rúmlega 11% karla með heildarlaun á bilinu 525–575 þúsund krónur og voru 8% þeirra með hærri laun en 1.175 þúsund krónur. Meðal kvenna voru 3% með hærri laun en 1.175 þúsund krónur og voru heildarlaun 577 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 517 þúsund krónur. Um þriðjungur kvenna var með heildarlaun á bilinu 475–625 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru

39,5 að meðaltali hjá sérfræðingum, 39,7 hjá körlum og 39,2 hjá konum. Líkt og hjá stjórnendum eru fastlaunasamningar algengir í hópi sérfræðinga.

### Mynd 8. Dreifing á heildarlaunum sérfræðinga 2008

Figure 8. Distribution of full-time professionals' total salaries 2008




Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 409 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008. Miðgildi reglulegra launa var 362 þúsund krónur. Ríflega þriðjungur tækna og sérmenntaðs starfsfólks var með regluleg laun á bilinu 225–325 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru 501 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 466 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 329 þúsund krónur og miðgildi 310 þúsund krónur. Eins og sjá má á mynd 9 var dreifing reglulegra launa karla og kvenna ólík þar sem rúmlega þrír fjórðu hlutar kvenna voru með lægri laun en 375 þúsund krónur en ríflega fjórðungur karla.

### Mynd 9. Dreifing á reglulegum launum tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2008

Figure 9. Distribution of full-time technicians and associate professionals' regular salaries 2008




Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 499 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008 og miðgildi 424 þúsund. Heildarlaun karla voru 623 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 533 þúsund krónur. Konur voru með 393 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 365 þúsund krónur. Rétt eins og í reglulegu

launum er dreifing heildarlauna karla jafnari en kvenna. Um 45% kvenna er með heildarlaun á bilinu 275–375 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 40,2 að meðaltali á viku hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, 40,5 hjá körlum og 40,0 hjá konum.

### Mynd 10. Dreifing á heildarlaunum tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2008

Figure 10. Distribution of full-time technicians and associate professionals' total salaries 2008




### Regluleg laun skrifstofufólks

Regluleg laun voru 298 þúsund krónur að meðaltali á mánuði hjá skrifstofufólki árið 2008 og miðgildi var 283 þúsund krónur. Tæplega 85% skrifstofufólks var með regluleg laun undir 375 þúsund krónum á mánuði, rúmlega 70% karla og 90% kvenna. Meðaltal reglulegra launa hjá körlum var 331 þúsund krónur og miðgildið 317 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 288 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 272 þúsund krónur.

### Mynd 11. Dreifing á reglulegum launum skrifstofufólks 2008

Figure 11. Distribution of full-time clerks' regular salaries 2008



### Heildarlaun skrifstofufólks


Árið 2008 voru heildarlaun skrifstofufólks 347 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 326 þúsund krónur. Tæplega fjórðungur skrifstofufólks var með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur. Karlur voru að meðaltali með 393 þúsund krónur í heildarlaun og miðgildið 385 þúsund. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 332 þúsund krónur og miðgildi 309 þúsund krónur. Um 65% karla voru með heildarlaun undir 425 þúsund krónum en rúmlega 85% kvenna voru með laun undir þeirri



upphæð. Greiddar stundir á viku hjá skrifstofufólki voru 40,4, 42,1 hjá körlum og 39,8 hjá konum.

### Mynd 12. Dreifing á heildarlaunum skrifstofufólks 2008

Figure 12. Distribution of full-time clerks' total salaries 2008




Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks voru 284 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 262 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa var 316 þúsund krónur hjá körlum og miðgildið 298 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 229 þúsund og miðgildið 217 þúsund krónur. Rúmlega 35% þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks var með regluleg laun undir 225 þúsund krónum á mánuði. Í þeim hópi voru tæplega 25% karla en 60% kvenna.

### Mynd 13. Dreifing á reglulegum launum þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2008

Figure 13. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' regular salaries 2008




Heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Árið 2008 þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk með lægst heildarlaun á mánuði að meðaltali eða 325 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi heildarlauna þeirra var 300 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 14 á næstu blaðsíðu var tæplega fjórðungur launamanna með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Karlur voru með 364 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 354 þúsund krónur. Um 18% karla voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur og 40% þeirra voru

með heildarlaun undir 325 þúsundum króna. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 273 þúsund krónur og miðgildi þeirra 260 þúsund krónur. Um 35% kvenna var með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur og voru 80% kvenna með heildarlaun undir 325 þúsund krónum. Greiddar stundir á viku voru 42,9 að meðaltali, 43,1 hjá körlum og 42,6 hjá konum.

#### Mynd 14. Dreifing á heildarlaunum þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2008

Figure 14. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' total salaries 2008




#### Regluleg laun iðnaðarmanna

Regluleg laun iðnaðarmanna voru 330 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 310 þúsund krónur. Rúmlega helmingur iðnaðarmanna var með regluleg laun á bilinu 225–325 þúsund. Þar sem fáar konur tilheyra starfsstéttinni eru launatölur þeirra ekki birtar en þær veita inn í heildartölurnar.

#### Mynd 15. Dreifing á reglulegum launum iðnaðarmanna 2008

Figure 15. Distribution of full-time craft workers' regular salaries 2008




#### Heildarlaun iðnaðarmanna

Dreifing heildarlauna iðnaðarmanna var frábrugðin launadreifingu reglulegra launa, enda vinnur hluti iðnaðarmanna í svokallaðri uppmælingu og fá þá greidd uppgjör vegna hennar. Þær uppgjörsgreiðslur koma inn í heildarlaun iðnaðarmanna en ekki regluleg laun þeirra þar sem þær eru ekki gerðar upp á hverju útborgunartímabili. Heildarlaun iðnaðarmanna voru að meðaltali 479 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 463 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 16 á næstu síðu voru rúmlega 30% iðnaðar-

manna með heildarlaun á bilinu 375–475 þúsund krónur. Meðalfjöldi greiddra stunda voru 47,5 á viku.

### Mynd 16. Dreifing á heildarlaunum iðnaðarmanna 2008

Figure 16. Distribution of full-time craft workers' total salaries 2008




#### Regluleg laun verkafólks

Verkafólk var tekjulægsti hópurinn árið 2008 þegar litið er til reglulegra launa. Meðaltal þeirra var 226 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 207 þúsund krónur. Regluleg laun verkakarla voru 235 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 217 þúsund krónur. Regluleg laun verkakvenna voru 195 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 184 þúsund krónur. Algengast var að laun verkafólks væru á bilinu 175–225 þúsund krónur og var rúmlega 40% verkafólks með laun á því bili. Tæplega 40% karla falla í þann hóp og helmingur kvenna.

### Mynd 17. Dreifing á reglulegum launum verkafólks 2008

Figure 17. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' regular salaries 2008




#### Heildarlaun verkafólks

Heildarlaun verkafólks voru 339 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008 og miðgildið 323 þúsund krónur. Um 20% verkafólks voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur á mánuði og eru jafn stórir hópar karla og kvenna með laun á því bili. Heildarlaun karla voru 360 þúsund krónur og miðgildið 346 þúsund krónur. Algengast var að heildarlaun karla væru á bilinu 325–375 þúsund krónur og voru rétt rúmlega 20% þeirra með þau laun. Konur voru að meðaltali með 264 þúsund krónur á

mánuði og miðgildið 248 þúsund krónur. Um 28% kvenna höfðu heildarlaun á bilinu 175–225 þúsund. Greiddar stundir voru 49,3 á viku að meðaltali, 50,3 hjá körlum og 45,5 hjá konum.

### Mynd 18. Dreifing á heildarlaunum verkafólks 2008

Figure 18. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' total salaries 2008



### Laun fullvinnandi eftir atvinnugrein

*Laun hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum*

Árið 2008 voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Þar voru regluleg laun 472 þúsund krónur á mánuði að meðaltali, regluleg heildarlaun 484 þúsund krónur og heildarlaun 654 þúsund krónur. Heildarlaun voru lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Þar voru regluleg laun 321 þúsund krónur, regluleg heildarlaun 351 þúsund krónur og heildarlaun 371 þúsund krónur. Þrátt fyrir að heildarlaun hafi verið lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru regluleg laun lægri í iðnaði, eða 317 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru flestar í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en þar voru greiddar stundir að jafnaði 50,3 stundir á viku.

*Óreglulegar greiðslur algengar í fjármálaþjónustu og byggingarstarfsemi*

Eins og sjá má á mynd 19 á næstu síðu var munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum mestur í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Það skýrist að einhverju leyti af því að í þeirri atvinnugrein eru óreglulegar launagreiðslur, svo sem ýmiss konar bónusgreiðslur, almennt hærri en í öðrum atvinnugreinum. Þess ber að geta að hlunnindi, svo sem kaupréttarsamningar, eru ekki hluti af heildarlaunum.

Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er einnig nokkur munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum og skýrist sá munur meðal annars af uppgjöri uppmælinga og öðrum óreglulegum greiðslum. Þá vega greiðslur vegna yfirvinnu einnig nokkuð þungt og því var nokkur munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum í þessari atvinnugrein.


Vægi yfirvinnu og óreglulegra greiðslna er minnst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu, svo og samgöngum og flutningum.

Eins og áður hefur komið fram er launum á almennum vinnumarkaði ekki ætlað að lýsa breytingum á launum miðað við fasta samsetningu úrtaksins. Þó geta niðurstöður gefið ákveðnar vísbendingar um breytingar á vinnutíma og launum. Greiddar stundir stóðu í stað eða drógust saman milli árána 2007 og 2008 í öllum atvinnugreinum um allt að hálfu stund, nema í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð þar sem þær jukust um þriðjung úr stund.

Regluleg laun hækkuðu um 3–8%, mest í atvinnugreininni fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar. Minnst var hækkingin í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Þá hækkuðu heildarlaun um 2–8%, mest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð en minnst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Hafa verður í huga að breytingar á samsetningu gagnasafnsins geta haft áhrif á meðallaun í ákveðnum atvinnugreinum.

### Mynd 19. Laun eftir atvinnugrein 2008

Figure 19. Salaries by economic activity for full-time employees 2008



**Skýringar** Notes: ALLS Total; (D) Iðnaður Manufacturing; (F) Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð Construction; (G) Verslun og viðgerðarþjónusta Wholesale and retail trade; repair; (I) Samgöngur og flutningar Transport, storage and communication; (J) Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar Financial intermediation.


#### Regluleg laun í iðnaði

Regluleg laun fullvinnandi launamanna í iðnaði árið 2008 voru 317 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi reglulegra launa 275 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 20 var algengast að regluleg laun í iðnaði væru á bilinu 175–225 þúsund krónur og voru 22% launamanna með laun á því bili. Regluleg laun karla voru 336 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 289 þúsund krónur. Um 20% karla var með laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í iðnaði voru 268 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi reglulegra launa 239 þúsund. Algengast var að laun kvenna væru á bilinu 175–225 þúsund krónur og voru 28% með laun á því bili.

Á mynd 20 má sjá nánari dreifingu reglulegra launa í iðnaði árið 2008. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu reglulegra launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

### Mynd 20. Dreifing á reglulegum launum í iðnaði eftir kyni 2008

Figure 20. Distribution of full-time employees' regular salaries in Manufacturing by sex 2008




Heildarlaun í iðnaði

Meðaltal heildarlauna í iðnaði árið 2008 var 402 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 368 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 436 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 401 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna í iðnaði var 316 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 289 þúsund. Á mynd 21 má sjá að þrír fjórðu hlutar starfmanna í iðnaði var með heildarlaun undir 475 þúsund krónum. Í þeim hópi voru tæplega 70% karla og ríflega 90% kvenna. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 45,9 í iðnaði, 47,0 hjá körlum og 43,2 hjá konum.

### Mynd 21. Dreifing á heildarlaunum í iðnaði eftir kyni 2008

Figure 21. Distribution of full time employees' total salaries in Manufacturing by sex 2008




Regluleg laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Regluleg laun fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2008 voru að meðaltali 326 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 259 þúsund krónur. Rúmlega 35% launamanna voru með regluleg laun lægri en 225 þúsund krónur á mánuði. Hluti iðnaðarmanna sem starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fá greidda uppmælingu. Í sumum tilfellum eru fyrirframgreiðslur vegna uppmælinga ekki inn í reglulegum launum heldur falla inn í heildarlaun þeirra. Fáar konur starfa í atvinnugreininni byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og því eru launatölur þeirra ekki birtar en þær vega inn í heildartölurnar.

### Mynd 22. Dreifing á reglulegum launum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eftir kyni 2008

Figure 22. Distribution of full time employees' total salaries in Construction by sex 2008




Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2008 voru að meðaltali 486 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 463 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 23 var tæplega fjórðungur launamanna með heildarlaun á bilinu 325–425 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 50,3 að meðaltali og var það mestur fjöldi greiddra stunda í samanburði við hinar fjórar atvinnugreinarnar.

### Mynd 23. Dreifing á heildarlaunum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eftir kyni 2008

Figure 23. Distribution of full time employees' total salaries in Construction by sex 2008




Regluleg laun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 321 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 293 þúsund krónur. Um 19% launamanna voru með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru að meðaltali 341 þúsund krónur og miðgildi 310 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun karla væru á bilinu 275–325 þúsund krónur og var ríflega fimmtungur með laun á því bili. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 268 þúsund krónur á mánuði og miðgildi launa 238 þúsund krónur. Tæplega fimmtungur kvenna voru með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur. Á mynd 24 má sjá að dreifing reglulegra launa karla og alls hópsins er svipuð. Það má meðal annars skýra

með því að karlar veiga 65% í atvinnugreininni. Nánari umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins má finna á bls. 19.

#### Mynd 24. Dreifing á reglulegum launum í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu eftir kyni 2008

Figure 24. Distribution of full time employees' regular salaries in Wholesale and retail trade; repair by sex 2008




#### Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru 371 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 337 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 25 var helmingur launamanna með heildarlaun á bilinu 225–375 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru að meðaltali 403 þúsund krónur og miðgildi heildarlauna 368 þúsund krónur. Algengasta launabil karla var á bilinu 275–325 þúsund krónur og var tæplega fimmtungur karla á því launabili. Meðaltal heildarlauna var 300 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 272 þúsund krónur. Algengustu laun kvenna voru á bilinu 225–275 þúsund krónur og var rúmlega fjórðungur með þau laun. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 43,3, hjá körlum voru þær 43,9 og hjá konum 41,9.

#### Mynd 25. Dreifing á heildarlaunum í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu eftir kyni 2008

Figure 25. Distribution of full-time employees' total salaries in Wholesale and retail trade; repair by sex 2008






### Regluleg laun í samgöngum og flutningum

Í samgöngum og flutningum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 354 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008. Miðgildi reglulegra launa var 277 þúsund krónur. Eins og sjá má á mynd 26 var tæplega fjórðungur launamanna með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru 395 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 306 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í samgöngum og flutningum voru 280 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 249 þúsund krónur. Í báðum hópum var algengast að regluleg laun væru á bilinu 175–225 þúsund krónur. Um 20% karla og 30% kvenna voru með laun á því bili.

### Mynd 26. Dreifing á reglulegum launum í samgöngum og flutningum efir kyni 2008

Figure 26. Distribution of full time employees regular salaries in Transport, storage and communication by sex 2008




### Heildarlaun í samgöngum og flutningum

Heildarlaun í samgöngum og flutningum voru 414 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2008 og miðgildi 344 þúsund krónur. Þriðjungur launamanna var með laun á bilinu 225–325 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 470 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 396 þúsund krónur. Algengast var að heildarlaun karla væru á bilinu 275–325 þúsund krónur og voru 14% með þau laun. Konur voru með 315 þúsund krónur að meðaltali í heildarlaun og miðgildi 286 þúsund krónur. Um 23% kvenna var með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur og var algengust að laun þeirra væru á því bili. Greiddar stundir á viku í samgöngum og flutningum voru 43,0 að meðaltali, 44,1 hjá körlum og 41,1 hjá konum.

### Mynd 27. Dreifing á heildarlaunum í samgöngum og flutningum eftir kyni 2008

Figure 27. Distribution of full time employees' total salaries in Transport, storage and communication by sex 2008




Regluleg laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 472 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Miðgildi reglulegra launa var 384 þúsund krónur. Algengast var að laun starfsmanna í fjármálaþjónustu væru á bilinu 225–275 þúsund krónur og voru um 16% með þau laun. Meðaltal reglulegra launa karla var 642 þúsund krónur og miðgildi 562 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 367 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 316 þúsund krónur. Dreifing reglulegra launa karla og kvenna er ólík eins og sjá má á mynd 28. Algengasta launabil karla var 475–525 þúsund krónur og voru tæplega 11% með þau laun. Hins vegar 24% kvenna með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur sem var algengasta launabil þeirra.

### Mynd 28. Dreifing á reglulegum launum í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eftir kyni 2008

Figure 28. Distribution of full-time employees' regular salaries in Financial intermediation by sex 2008




*Heildarlaun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum*

Heildarlaun voru 654 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum árið 2008. Miðgildi heildarlauna var 459 þúsund krónur. Dreifing launa í þessari atvinnugrein er mikil. Þannig voru 13% launamanna með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur, sem er algengasta launabilið, en nánast jafnstór hópur er með heildarlaun yfir 975 þúsund krónur á mánuði. Meðaltal heildarlauna karla var 982 þúsund krónur og miðgildið 684 þúsund krónur. Um 25% karla voru með laun yfir 950 þúsund krónur á mánuði en einungis 3% kvenna. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 453 þúsund krónur og miðgildi 379 þúsund krónur. Vikulegar greiddar stundir voru 39,6 að meðaltali, 39,4 hjá körlum og 39,8 hjá konum. Hafa ber í huga að í þessari atvinnugrein eru svokallaðir fastlaunasamningar algengir. Þeir fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

**Mynd 29. Dreifing á heildarlaunum í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eftir kyni 2008**

Figure 29. Distribution of full-time employees' total salaries in Financial intermediation by sex 2008



**Samsetning gagnasafnsins**


*Umfang* Niðurstöður um laun á almennum vinnumarkaði byggjast á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar ná til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði; iðnaðar, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, verslunar og ýmissar viðgerðarþjónustu, samgangna og flutninga og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga. Niðurstöðurnar byggjast á launum tæplega 30 þúsund karla og kvenna, 18 ára og eldri, í þessum atvinnugreinum.

*Samsetning* Samsetningu gagnasafnsins er ekki haldið fastri á milli ára og því getur breyting á launum milli tímabila endurspeglad allt í senn breytingu launa á tímabilinu, breyttri samsetningu launa eða vinnutíma og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breytingar launa á milli tímabila geta einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafns þar sem úrtak launarannsóknarinnar er stöðugt að stækka og gæði þess að aukast. Þar sem launarannsókn Hagstofu Íslands er úrtaksrannsókn geta launamenn haft mismunandi vægi í gagnasafninu. Við útreikning á launum á almennum vinnumarkaði er notast við tvenns konar vogir. Í fyrsta lagi er vog sem tekur mið af vægi úrtaks af heildarlaunasummu atvinnugreinar samkvæmt staðgreiðsluskra ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er notuð vog sem tekur tillit til fjölda mánaða sem launamaður vinnur á árinu. Umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins sem fer hér á eftir tekur mið af veginni samsetningu.

*Karlar og konur* Í þeim atvinnugreinum sem þessar niðurstöður ná til eru fleiri karlar en konur. Karlar vege 63% í gagnasafninu. Þetta er aðeins lægra hlutfall en mældist í þessum atvinnugreinum í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands árið 2008. Þar mældist hlutfur karla 68%.

### Mynd 30. Samsetning gagnasafns eftir kyni 2008

Figure 30. Sample structure by sex 2008




*Fullvinnandi og hlutastarfsfólk*

Eins og sést á mynd 31 er launamönnum í launarannsókn Hagstofunnar skipt upp í tvo meginflokka eftir vinnutíma. Starfsfólk í hlutastarfi eru þeir sem vinna minna en sem nemur 90% af skilgreindri dagvinnuskyldu. Vægi starfsfólks í hlutastarfi er 23% árið 2008. Að sama skapi teljast þeir sem vinna að meðaltali meira en sem nemur 90% af dagvinnuskyldu fullvinnandi launamenn.

### Mynd 31. Samsetning gagnasafns eftir vinnutíma 2008

Figure 31. Sample structure by working hours 2008




*Samsetning eftir starfsstétt*

Mynd 32 sýnir vegna samsetningu gagnasafnsins 2008 eftir starfsstéttum. Verkafólk er stærsti hópurinn, eða tæplega þriðjungur. Næst stærstu hóparnir eru iðnaðarmenn og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk sem vege 16% hvor hópur. Minnstu hóparnir eru sérfræðingar, sem vege 7%, og stjórnendur sem vege 8%.

### Mynd 32. Samsetning gagnasafns eftir starfsstétt 2008

Figure 32. Sample structure by occupational group 2008




#### Starfsstétt og atvinnugrein

Eins og sést á mynd 33 er vægi atvinnugreina misjafnt eftir starfsstéttum. Til dæmis starfa tveir þriðju hlutar þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Þá starfa 85% iðnaðarmanna í iðnaði og byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sem er nokkur aukning síðan 2007 en þá störfuðu 80% iðnaðarmanna í þessum atvinnugreinum. Verkafólk starfar einnig flest í iðnaði eða rúmlega helmingur. Fáir iðnaðarmenn og fátt verkafólk starfar hins vegar í fjármálaþjónustu, váttryggingum og lífeyrissjóðum en 60% sérfræðinga starfa í þeirri atvinnugrein.

### Mynd 33. Samsetning gagnasafns eftir starfsstétt og atvinnugrein 2008

Figure 33. Sample structure by occupational group and economic activity 2008




